

grimmdarfullri hörku, heldur einnig, að hann hafi horfellt þær, þó að hann ætti fóður handa þeim. Að stjórnarráðsins hyggju hlýtur samt einnig að mega refsa þeim, sem ekki hefir fóður handa skepnunum sínum, ef að hann með grimmdarfullri hörku lætur þær drepast úr hor, þó að hann geti útvegað fóður handa þeim, en aptur á móti fáum vèr ekki sæð, að þeim mauni verði refsað, sem lætur skepnur sínar horfalla á móti vilja sínum, af því að aðalskilyrðið fyrir, að hegningu verði beitt eptir tæðu lagabóði, það er að segja, að sérlegt miskunarleysi eða grimmd hafi verið höfð í frammi í meðferðinni á skepnunum, á sér ekki stað í þessu tilfelli.

1869.
27. júlí.

70. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um umkvörtun síra Hákonar Espólíns yfir skemmdum á eggvarpinu á Kolfreyjustað.

7. ágúst.

Með bræfi dagsettu 12. nóvembermán. f. á. hafið þær, herra stiptamtmaður, sent hingað umkvörtun frá síra Hákoní Espólín, presti að Kolfreyjustað í Suðurmúlasýslu, yfir ýmsum skemmdum, er frakkneskir fiskimenn hafi framið á eggverinu í Andey, sem heyrir undir brauðið, ásamt prófi, er hlutaðeigandi sýslumaður hafði haldið útaf þessu. Skjöl þessi voru síðan send utanríkisstjórninni til frekari framkvæmda, og er umkvörtunin hafði verið borin upp fyrir stjórn Frakkakeisara, höfum vèr fengið frá utanríkisstjórninni eptirrit það, sem fylgir með bræfi þessu, af svari ráðherra utanríkismálanna á Frakklandi uppá bréf sendiherra Danakonungs um þetta efni. Svar þetta ber með sér, að umkvörtun síra Hákonar Espólíns hafi verið of óákveðin til þess, að frekari ráðstafanir yrði gjörðar útaf henni.

Þetta skal yður hér með til vitundar gefið, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess að þær kunngjörið það.